



Umsögn skipulags


Vegna: Hverfisgata 37 og Vitastígur 10, stækkun lóða

Fyrirspurn: Ingvar Högni Ragnarsson sækir þann 30.6.2026 um stækkun lóða við Hverfisgötu 37 og Vitastíg 10.

Staðsetning:



Af kortavefnum



Úr gildandi deiliskipulagi fyrir vitinn við Vitastíg, staðfest 26.02.2026



Tillagan um ný lóðarmörk

Skipulagsleg staða: Í gildi er Deiliskipulag Miðbær Hraun vestur, samþykkt 20.02.2019. Gerð var breyting á deiliskipulagi sem fól í sér stofnun nýrrar lóðar fyrir Vitann, sem er staðsettur á opnu svæði milli Vitastígs og Hverfisgötu. Breytingin var staðfest 26.02.2026. Ekki liggja neinar lagnir á svæðinu.

Umsögn: Ekki er unnt að svara fyrirspurninni án þess að fjalla um aðgengismál að vitanum, sem stendur á opnu svæði milli Vitastígs og Hverfisgötu. Vitinn nýtur verndar samkvæmt lögum um menningarminjar. Nýbúið er að stofna lóð fyrir Vitann við Vitastíg sem fékk lóðarheiti Vitastíg 12A. Mikilvægt er að aðgengi að vitanum sé tryggt vegna menningarsögulegs gildi hans og jafnframt til að annast viðhald og eftirlit með honum. Bygðasafnið hefur hug á að koma fyrir palli við vitann ásamt upplýsingaskiltum í framtíðinni.

Upphaflega og þegar vitinn var í notkun var aðkoman að honum frá göngustígnum sem liggur á milli Hverfisgötu og Vitastígs. Þ.e. upp á milli Hverfisgötu 35 og 37 og svo þaðan á milli Hverfisgötu 37 og Vitastígs 10. Það er ástæðan fyrir því að þessar lóðir ná ekki saman í dag. Að mati bæjarminjavarðar Hafnarfjarðar er það eðlilegasta leiðin.

Í gegnum árin hefur verið göngustígur á milli Vitastígs 10 og 12 en var það land sameinað lóðinni Vitastíg 12 árið 1998. Núverandi aðkoma er á milli Hverfisgötu 41 og 45 og liggur innan lóðar, þar sem landið er tiltölulega bratt. Kvöð um aðkomu hvílir á lóðinni við Hverfisgötu 49 en engin sýnileg leið liggur frá Mjósundi að vitanum. Aðgengið að honum þaðan er óhentugt vegna hraunkletta.



Niðurstaða: Neikvætt, ekki er mælt með að heimila lóðarstækkunina. Mikilvægt er að útiloka ekki möguleikann á að leggja stíg að vitanum á milli Hverfisgötu 37 og Vitastígs 10, í samræmi við fyrri aðkomu að vitanum þegar hann var tekinn í notkun. Fyrir utan umrætt svæði, sem er í eigu bæjarins, er aðeins ein önnur aðkomuleið tryggð með gildandi skipulagsheimildum. Sú leið liggur frá Mjósundi og hentar illa sem aðkoma að vitanum.

F.h. skipulagsfulltrúa
Anne Steinbrenner
Verkefnastjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Myndir 06.08.2026

